HVAÐ ER AÐ GERAST?

Þeim sem áhuga hafa á að koma á framfæri efni í þáttinn Hvað er að gerast? er bent á að það þarf að berast í síðasta lagi á hádegi á þriðjudögum fyrir fimmtudaginn þar á eftir.

Myndlist

Gallerí Borg

Í Gallerí Borg við Austurvöll stendur yfir sýning á verkum eftir Gest og Rúnu. (Gest Þorgrímsson og Sigrúnu Guðjónsdóttur.). Gestur sýnir höggmyndir en Sigrún veggmyndir unnar á glerflísar og teikningar á japönskum pappír. Verkin eru öll nýleg. Sýningin er opin virka daga frá kl. 10—18 og frá kl. 14—18 um helgar. Henni lýkur þriðjudaginn 15. september.

Listasafn Háskóla Íslands

Sýning á verkum í eigu Listasafns Háskóla Íslands hefur verið sett upp í Odda, nýja hugvísindahúsinu. Um er að ræða grafík, teikningar og málverk. Sum þessara verka hafa verið keypt undanfarna mánuði en önnur eru úr frumgjöfinni. Aðgangur er ókeypis að sýningunni en hún er opin daglega frá 13.30—17.00

Gallerí Grjót

Nú stendur yfir samsýning á verkum allra meðlima Gallerí Gjót. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12 til 18.

Gallerí List

Þetta nýja gallerí er í Skipholti 50 C. Sýnd verða verk eftir unga og gamla listamenn og fjölbreytnin í hávegum höfð.

Langbrók

Textílgalleríið Langbrók, Bókhlöðustíg 2, sýnir vefnað, tauþrykk, myndverk, módelfatnað og fleiri listmuni. Opið er þriðjudaga til föstudaga kl. 12—18 og laugardaga kl. 11—14.

Norræna húsið

Í andyri Norræna hússins stendur yfir sýning tveggja Dana. Það eru þeir Henrik Blönda! Bengtsson og Ulrik Jungersen sem sýna skartgripi úr gulli og silfri. Sýningunni lýkur 4. október.

Niðri er svo sýning Vilhjálms Bergssonar á olíumálverkum, grafík og teikningum. Sýning hans er opin frá 2-10 alla daga til 20. september.

Mokka—kaffi

Gunnar Kristinsson opnar málverkasýningu í Mokkakaffi á morgun. Hann sýnir myndir unnar með blandaðri tækni. Sýningin stendur til 8. október en hún er opin alla daga til klukkan 23.30.

Listmálarafélagið

Í Gallerí Íslensk List, Vesturgötu 17, er samsýning Listmálarafélagsins. Þar eru sýnd verk 14 þekktra listamanna. Þetta er sölusýning með því fyrirkomulagi að kaupendur verka geta tekið þau strax með sér heim og eru þá önnur sett upp í staðinn. Listamennirnir sem sýna eru: Karl Kvaran, Pétur Már, Bragi Ásgeirsson, Ágúst Petersen, Jóhannes Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson, Björn Birnir, Kristján Davíðsson, Guðmunda Andrésdóttir, Hafsteinn Austmann, Gunnar Örn, Einar Þorlákssón, Valtýr Pétursson og Elías B. Halldórsson. Sýningin er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09.00 til 17.00. Henni lýkur 20. september.

Svart á Hvítu

Nýlega opnaði í Gallerí Svart á Hvítu við Óðinstorg sýningu á grafík- og vatnslitamyndum Helga Þorgils Friðjónssonar. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14—18 og stendur til 20. september.

Hafnargallerí

Laugardaginn 12. september opnar í Hafnargallerí sýning á olíumálverkum Guðbjargar Hjartardóttur. Aðgangur er ókeypis. Sýningin er opin á venjulegum verslunartíma. Henni lýkur 17. september.

Gullni haninn

Á veitingahúsinu Gullna hananum eru Þingvallamyndir Sólveigar Eggerz til sýnis. Myndirnar eru landslag og fantasíur frá Þingvöllum, unnar með vatnslitum og olíukrít. Þær eru allar til sölu.

Gallerí Hallgerður

Kristján Kristjánsson sýnir í Gallerí Hallgerði, Bókhlöðustíg 2, 20 Collages (klippi)-myndir og ber sýningin yfirskriftina „Dreams That Money Can Buy". Efni myndanna er sótt í heim drauma og veruleika. Sýningin, sem er sölusýning, er opin frá 2—6, og henni lýkur 13. september.

Eden

Gunnar Þorleifsson opnaði nýlega málverkasýningu í Listamannaskálanum í Eden. Sýningin er opin alla daga frá kl. 9.00 – 23.00. Henni lýkur 21. september.

Þrastarlundur

Í Þrastarlundi sýnir Unnur Svavarsdóttir yfir 20 myndir, Akrýl og Pastel. „Af fingrum fram" er nafn sýningarinnar og er tilkomið vegna þess að myndirnar koma af sjálfu sér eða ósjálfrátt. Þetta er 14. einkasýning Unnar. Sýningin stendur til 20. september.

Ísafjörður

Laugardaginn 12. september klukkan 16 opnar Margrét Árnadóttir Auðuns sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði. Margrét er menntuð í Toulouse og París. Þetta er fyrsta einkasýning hennar en hún hefur áður tekið þátt í samsýningum hér og í Frakklandi. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Barnagaman

Tívolí í Hveragerði

Í Tívolí er alltaf eitthvað nýtt að gerast. Nýlega opnaði þar kaffitería en þaðan geta gestir virt svæðið fyrir sér. Tívolí er opið virka daga frá 13—22 og um helgar frá 10—22.

Tónlist

Duus—hús

Djassunnendur eiga á vísan að róa þar sem Heiti potturinn í Duus er. Þar er leikinn lifandi djass á hverju sunnudagskvöldi kl. 9.30.

Félagslíf

Hundasýning

Hundasýning Hundaræktarfélags Reykjavíkur verður í Reiðhöllinni í Víðidal á sunnudaginn. Öivind Asp verður dómari en hann hefur réttindi til að dæma öll hundakyn. Sýningin hefst klukkan 9.00 með dómum á íslenska fjárhundinum. Aðrar tegundir fylgja svo á eftir. Fyrirtæki verða með kynningar á hundavörum og Hundaræktarfélagið og sérdeildir þess kynna starfsemi sína. Félagsmenn sjá um veitingasölu. Dagskránni lýkur með því að úrslit verða tilkynnt klukkan 17.30 og mun Davíð Oddson, borgarstjóri afhenda verðlaun í úrslitakeppni um besta hund sýningarinnar. Sýnendur eru beðnir að mæta klukkustund fyrir dóm og verða sýningarnúmer og –skrár afhentar í andyrinu.



Þessi fallegi Labrador myndi sóma sér vel á hundasýningunni sem verður í Reiðhöllinni í Víðidal á sunnudaginn. Það er Hundaræktarfélag Reykjavíkur sem stendur fyrir sýningunni.

Ferðalög

Upplýsingamiðstöðin

Upplýsingamiðstöð ferðamála er með aðsetur sitt að Ingólfsstræti 5. Þar eru veitta allar almennar upplýsingar um ferðaþjónustu á Íslandi. Opið er daglega frá klukkan 8.00-20.00 og síminn er 623045.

Útivist

Um þessa helgi eru tvær helgarferðir á vegum Útivistar. Haustlitaferð í Þórsmörk verður farin á föstudagskvöldið klukkan 20.00. Að venju er gist í Útivistarskálanum í Básum. Gönguferðir verða við allra hæfi.


Farið er til Vestmannaeyja á föstudagskvöldið klukkan 19.30. Hægt er að velja um flugferð eða skipsferð. Svefnpokagisting. Gönguferðir verða um Heimaey með kunnugum fararstjóra og farið verður í Bátssiglingu í kring um eyjuna.

Frítt er fyrir börn yngri en 7 ára en fyrir 7-15 ára greiðist hálft gjald.

Þrjár dagsferðir verða farnar sunnudaginn 13. september. Klukkan 8.00 er haustlitaferð í Þórsmörk. Farið verður í Básа og dvalið þar í 3–4 klukkustundir. Verð er 1000 krónur. Klukkan 9.00 er Línuvegurinn – Öræfin heilla. Ekinn verður Línuvegurinn af Kaldadalsvegi norðan Skjaldbreiðar um Hlöðuvelli að Gullfossi. Verð er 1000 krónur. Klukkan 13.00 er Maríuhöfn – Búðarsandur. Minjar um forna kauphöfn skoðaðar. Kræklingatínsla og létt ganga við Laxárvog. Frítt er fyrir börn í fylgd með fullorðnum. Ath. Það þarf ekki að panta í dagsferðir. Nánari upplýsingar fást á skrifstofunni Grófinni 1, síminn er 14606 og 23732.

Ferðafélagið

Föstudaginn 11. september eru tvær helgarferðir á vegum Ferðafélagsins og er brottför í báðar kl. 20.00. Farið verður til Landmannalauga, þar sem gist er í upphituðu sæluhúsi Ferðafélagsins. Á laugardaginn verður ekið inn Jökulgilið og gengið til baka inn í Laugar. Jökulgilið er litfagurt gil og eru fjöllin sem að því liggja úr líparíti og soðin sundur af brennisteinsgufum. Jökulgilið er einungis fært bílum á haustin þegar vatn hefur minnkað í Jökulgilskvíslinni, en hún á upptök sín í Torfajökli. Þá er að venju ferð til Þórsmerkur, en þar er að finna sérstaka haustfegurð. Gist er í Skagfjörðsskála – Langadal, en í honum er góð miðstöðvarhitun og öll þægindi. Sunnudaginn 13. september er dagsferð til Þórsmerkur. Þar er dvalið í um 4 klukkustundir og farið í gönguferðir. Brottför er klukkan 8.00. Gönguferð á Hlöðufell verður klukkan 9.00 á sunnudaginn og verður ekið um línuveginn frá Brunnum á Kaldadalsvegi. Klukkan 13.00 er gengið frá Höskuldarvöllum um Vigdísarvelli í Reykjanesfólkvangi.



Helgi Þorgils Friðjónsson sýnir nú samtímis á tveimur stöðum í borginni, í Gallerí Svart á hvítu og á Kjarvalsstöðum. Sýningunum lýkur báðum 21. september. Myndin er af einu verka hans.

Hvassahraun

Á laugardaginn klukkan 13.30 verður farin vettvangsferð í fjöru við Hvassahraun í Vatnsleysustrandarhreppi. Farið verður frá gamla bílveginum skammt sunnan Hvassahraunsbæjarins. Erlingur Hauksson og fleiri munu kenna okkur að þekkja nokkrar tegundir fjörudýra og fjöruplanta og fræða okkur um þær. Erlingur mun svo svara spurningum og kynna hvar fróðleik er að finna um lífríki fjörunnar. Allir eru velkomnir. Þátttökugjald er ekkert. Íbúar höfuðborgarsvæðisins geta nýtt sér ferðir Sérleyfisbifreiða Keflavíkur til að komast í vettvangsferðina og úr. Upplýsingar fást á Umferðarmiðstöðinni í síma 22300.

Hreyfing

Hestaleigur

Að **Laxnesi** í Mosfellssveit eru skipulagðir tveggja tíma útreiðartúrar. Leiðsögumaður fylgir hópnum sem getur verið allt að 30 manna. Leigan fyrir hvern hest er 800 krónur.

Fimm kílómetrum fyrir innan Laugarvatn er **Miðdalur**. Þar er hestaleigan Íshestar. Leigan fyrir hest í eina klukkustund er 600 krónur en eitt þúsund fyrir tvær klukkustundir. Leiðsögumaður er með í förinni.

Hestaleigan Bassi er að Mýrarkoti á **Álftanesi**. Leigan er 400 krónur fyrir klukkutímann. Panta þarf sérstaklega ef þörf er á leiðsögn um svæðið en ekkert aukagjald er tekið fyrir þá þjónustu.

Keila

Í Keilusalnum í Öskjuhlíð eru 18 brautir undir keilu. Á sama stað er hægt að spila billjarð og pínu—golf. Einnig er hægt að spila golf í svokölluðum golfhermi.

Golf

Á **Grafarholtsvelli** er Golfklúbbur Reykjavíkur með aðstöðu. Kennari er á staðnum og æfingasvæði fyrir byrjendur. Í Hafnarfirði er **Hvaleyrarvöllur** og Nesklúbburinn er með völl á Seltjarnarnesinu. **Hlíðarvöllur** er svo í Mosfellsveit. Auk þess eru fallegir vellir í Grindavík og í Grímsnesinu.

Sund

Í Reykjavík eru útisundlaugar í Laugardal, við Hofsvallagötu og við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Einnig eru útisundlaugar á Seltjarnarnesi, á Varmá og við Borgarholtsbraut í Kópavogi. Innisundlaugar á höfuðborgarsvæðinu eru við Barónsstíg og við Herjólfsgötu í Hafnarfirði. Opnunartíma þeirra má sjá í dagbókinni.



Margrét Árnadóttir Auðuns opnar á laugardaginn sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði. Þetta er fyrsta einkasýning Margrétar.

